

## 1. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Miðvikudaginn 27. október 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 16.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

*Frá Blönduósbae:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Birna Ágústsdóttir og Valdimar O. Hermannsson

*Frá Skagabyggð:* Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá sem aldursforseti fram að því að nefndin skipti með sér verkum.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Tillaga um áheyrnarfulltrúa Húnavatnshrepps

Jón Gíslason bar upp tillögu um að Þóra Sverrisdóttir verði áheyrnarfulltrúi Húnavatnshrepps með málfrelsi og tillögurétt.

Tillagan var samþykkt.

#### 2. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum

Jón Gíslason var kjörinn formaður nefndarinnar. Samþykkt að verkefnisstjórar riti fundargerð. Ákveðið að varamenn fái aðgang að fundargögnum.

#### 3. Greiðsla fyrir nefndarsetu

Tillaga um greiðslu nefndarlauna. Róbert fór yfir það fyrirkomulag sem var á fundum sameiningarnefndar fram að skipun samstarfsnefndar. Samþykkt að fylgja sama fyrirkomulagi. Fyrirkomulagið felur í sér að fulltrúar, áheyrnarfulltrúi og sveitarstjórar fá greiddar kr. 22.024 kr. á hvern fund. Formaður fær að auki greitt 50% álag.

#### 4. Samningur um verkefnisstjórn og ráðgjöf

Verkefnislýsing RR ráðgjafar frá 25. febrúar lögð fram og rifjuð upp.

Samstarfsnefnd samþykkir að halda áfram samstarfi við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn og greiningar samkvæmt henni.

#### 5. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Rætt um markmið verkefnisins og verklag.

Róbert og Jón Hrói fóru yfir tillögu að verklagi, verkefnis- og kostnaðaráætlun sem miðast við kjördag 5. júní. Kostnaðaráætlunin er grunnur að umsókn til Jöfnunarsjóðs.

Ákveðið að gildi verkefnisins skuli áfram vera

*Samskipti okkar einkennast af heiðarleika, hreinskilni og virðingu og við nálgumst verkefnið með opinn huga.*

Samskiptasáttmáli sem samþykktur var 19. mars 2020 gildir áfram óbreyttur.

Fjallað um skiptingu í starfshópa. Rætt var um mikilvægi þess að fjallað verði um fjallskil í starfshópavinnunni. Samþykkt að verkefnisstjórar geri tillögu að því á hvaða vettvangi sú umræða fari fram.

Samþykkt að fela verkefnisstjórum að gera drög að umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## **6. Næstu fundir**

Ákveðið að mánudagar verði fundardagar samstarfsnefndar og miðað við að fundir hefjist kl. 17.

Næsti fundur verður haldinn 23. nóvember 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:50.